

Mál nr. 438/2013**M og
V v. A og B****Árekstur við bílastæði við Garðheima í Reykjavík þ. 6.12.2013.****Gögn.**

1. Málskot móttengið þ. 29.12.2013 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags.

Málsatvik.

Árekstur varð á bílastæði við Garðheima í Reykjavík þegar bifreiðarnar A og B voru að aka út af bílastæðinu inn á Stekkjarbakka. Ökumaður A segist hafa verið að aka út af bílastæðinu og hafi ætlað til hægri inn á Stekkjarbakka og verið með stefnuljós logandi og byrjaður að beygja til hægri þegar B hafi verið ekið í hægri hlið A. Ökumaður B segist hafa verið að aka út af bílastæðinu þegar verið hægra megin í útkeyrslunni með engin stefnuljós kveik og þegar fremri bifreiðin var farin út af stæðinu hafi hann haldið áfram með fyrirhugaða akstursstefnu til hægri en þá hafi A skyndilega ekið af stað og til hægri með þeim afleiðingum að A ók á vinstra framhorn B. Vitni sem var farþegi í B ber með sama hætti og ökumaður B

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ökumaður A hafi tekið hægri beygju með röngum hætti með því að vera jafn langt til vinstri á akbrautinni og raun bar vitni og ber ökumaður A því sök á árekstrinum. Ökumaður B ber einnig hluta sakar með því að aka hægra megin fram úr. Með vísan til framburðar ökumanns B sem fær stuðning farþega í B verður lagt til grundvallar að ökumaður A hafi ekki gefið stefnuljós áður en hann beygði. Við mat á sök og sakarskiptingu þykir eðlilegt að ökumaður A beri 2/3 sakar en ökumaður B beri 1/3 sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 sakar og ökumaður B ber 1/3 sakar.

Reykjavík 28.1.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.